



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

AFMÆLI SVÍAKONUNGS

Konungur Svíþjóðar Karl Gústaf hefur boðið forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni og forsetafrú Dorrit Moussaieff að taka þátt í hátíðarhöldum í Stokkhólmi næstkomandi laugardag og sunnudag í tilefni af sextugsafmæli konungs.

Meðal atburða verða hátíðardansleikur á laugardagskvöld í Drottningholm höllinni, guðþjónusta að morgni sunnudags og hádegisverður í boði forseta sænska þingsins í ráðhúsi Stokkhólmsborgar. Að kvöldi sunnudags verða tónleikar og hátíðarkvöldverður í konungshöllinni.

27. apríl 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).